

IV / 34.1

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA VITNI	RLS
Skýrslu gerir Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-00086	
Staður og stund: Skrifstofa efnahagsbrotadeildar, 12. júlí 2004. Kl. 13:00.		
Sakarefni: Umboðssvik (249. gr. alm.hgl.) - ólögmætar lánveitingar (104. gr. 2/1995)		
Vitni: Helga Gísladóttir	Kennitala: 170857-2089	
Starf/staða: Húsmóðir	Vinnusími:	
Lögheimili: Valhúsabraut 16, Seltjarnarnesi	Sími: 561-0040 / 899-4848	
-Dvalarstaður:	Sími:	
Kynnt tilefni yfirheyrslunnar, vitnaskylda og ábyrgð.		

Helga er mætt til skýrslutöku á skrifstofu efnahagsbrotadeildar samkvæmt boðun. Henni er kynnt ástæða skýrslutökunnar sem varðar rannsókn lögreglu á ætluðum umboðssvikum og ólögmætum lánveitingum tiltekinna forsvarsmanna Baugs-Group hf. í tengslum við viðskipti við Fjárfar ehf.

Helgu er kynnt vitnaskyldan og vitnaábyrgð, þ.e. sú ábyrgð vitnis að skýra satt og rétt frá, og draga ekkert undan sem máli kann að skipta en röng skýrsla vitnis getur varðað refsíábyrgð.

Helga kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og er reiðubúin að tjá sig.

#### Stofnun, stjórnun og eignarhald Fjárfars ehf.

Helga er beðin um að lýsa tengslum sínum við félagið Fjárfar ehf.

Helga skýrir svo frá að hún og eiginmaður hennar, Eiríkur Sigurðsson, hafi selt Jóni Ásgeiri Jóhannessyni fyrirtæki þeirra hjóna Vöruveltuna ehf í október 1998. Í framhaldi af því hafi Jón Ásgeir leitað til þeirra hjóna og óskað eftir því að þau kæmu fram sem eigendur félagsins Fjárfars, en Jón Ásgeri hafi verið hinn raunverulegi eigandi félagsins. Helga segir að öll samskipti við Jón Ásgeir varðandi Fjárfar hafi verið milli Eiríks og Jóns Ásgeirs. Hún kveðst sjálf ekki hafa tekið þátt í þeim viðræðum, en haft fulla vitneskju um þetta fyrirkomulag. Hún segir Eirík geta gefið skýrari svör varðandi ástæðu þess að þau féllust á þessa beiðni Jóns Ásgeirs að koma fram sem eigendur Fjárfars.

Helga er spurð hvort hún eigi eða hafi einhvern tíma átt hlut í félaginu Fjárfari ehf.

Helga kveðst aldrei hafa átt neitt í þessu félagi og aldrei tekið þátt í neinum ákvörðunum innan þess félags.

Helga er beðin um að gera skýra grein fyrir þeim skjölum sem hún ritaði undir í tengslum við Fjárfar.

Undir Helgu er borið fylgiskjal 6.1 sem er hluti af skýrslu skattransóknarstjóra ríkisins (SRS) á málefnum Fjárfars ehf. (skjal II/37.4.1-3) sem afhent var embætti ríkislögreglustjóra 29. júní 2004 vegna rannsóknar þessarar. Um er að ræða yfirlýsingu dags. 7. desember 2000 þess efnis að Helga Gísladóttir sé eigandi meirihluta hlutafjár í Fjárfari. Yfirlýsingin er undirrituð af Helgu Gísladóttur og Eiríkur Sigurðsson ritar undir sem vottur.

Helga er beðinn um að gera grein fyrir þessu.

05086

Helga kveðst þekkja undirritun sína á skjalinu. Hún segir að það hafi komið til með þeim hætti að Helgi Jóhannesson, hrl. hafi haft símasamband við Eirík og óskað eftir því að þau hjónin undirrituðu þetta skjal um eignarhald Helgu á meirihluta hlutafjár í Fjárfari. Helga segir að þetta hafi verið skýrt þannig fyrir henni að þetta skjal ætti bara að nota í nokkra daga, en Helga kveðst ekki hafa vitað í hvaða tilgangi nota hafi átt skjalið.

Hún segir að þau hjónin hafi ekið að lögmannsstofu LEX og hafi Eiríkur farið þangað inn og nálgast skjalið. Helga kveðst hafa beðið úti í bifreið þeirra á meðan. Eiríkur hafi svo komið með skjalið út í bíl, þar sem Helga kveðst hafa undirritað það.

Aðspurð kveðst Helga ekki hafa vitað til tengsla Helga Jóhannessonar við Fjárfar á þessum tíma. Hún kveðst hafa talið að hann væri einungis að sinna lögmannsstörfum fyrir Jón Ásgeir.

Undir Helgu er borið fylgiskjal 8.1 sem er hluti af sömu skýrslu SRS. Um er að ræða kaupsamning dags. 16. maí 2000 á milli Fjárfars sem seljanda og Helgu Gísladóttur sem kaupanda af 5.000.000 hlutum í Baugi á kr. 64.500.000. Samningurinn er ekki undirritaður af hálfu Helgu en skv. hluthafaskrá Baugs eignast Helga 5.000.000 hluti þann 16. maí 2000.

Helga er spurð hvort að hún hafi verið aðili að þessum viðskiptum.

Helga kveðst fyrst hafa séð þetta skjal þegar hún mætti til skýrslutöku hjá SRS. Helga kveðst ekkert vita um þessi viðskipti og geti því ekkert tjá sig um þau.

Helga er spurð við hvern/hverja hún hafi átt samskipti í tengslum við ofangreind viðskipti/samskipti hennar við Fjárfar.

Helga segir að hún geti ekki gert grein fyrir þessum viðskiptum. Eiríkur Sigurðsson, eiginmaður hennar, hafi séð um öll viðskiptin með hlutabréf þeirra í Baugi og geti hann skýrt það miklu betur.

#### **Viðskipti við Baug-Group hf. 2000 - 2001:**

Helgu er kynnt að þau viðskipti sem um ræðir og eru m.a. tilefni þessarar skýrslutöku hafi átt sér stað á tímabilinu frá maí 2000 til febrúar 2001. Skv. gögnum frá Fjárfari var Helga Gísladóttir eigandi Fjárfars á þeim tíma sem þessi viðskipti áttu sér stað. Helga er spurð hvort að hún hafi einhverja vitneskju um eftirtalin viðskipti:

**16.05.2000: "Hlutfé selt Fjárfari, 5m \* 12,9" - kr. 64.500.000**

**30.06.2000: "Baugur.net selt til Fjárfars" - kr. 50.000.000**

**13.02.2001: "Fjárfar ehf. ógr. hlutafjárukning" - kr. 85.758.591**

Helga kveðst ekkert vita um þessi viðskipti. Helga ítrekar að hún hafi aldrei átt neitt í Fjárfari og aldrei komið neitt að rekstri þess félags.

Helga er spurð, sérstaklega í ljósi fram komins framburðar, hver hún hafi talið að væri stjórnandi og/eða eigandi Fjárfars ehf. á þeim tíma sem hún skrifaði undir skjöl í tengslum við viðskipti Fjárfars.

Helga segir að henni hafi verið það alveg ljóst að Jón Ásgeir Jóhannesson hafi átt þetta félag og stjórnað því.

Helga er beðin um að gera grein fyrir því hverjir hafi vitað af þessum ráðahag varðandi Fjárfar, þ.e. að látið væri líta svo út sem hún ætti félagið, þegar það var í raun Jón Ásgeir af framburði hennar að dæma.


Helga kveðst ekki vita hvort einhverjir aðrir hafi vitað af þessum ráðahag.

Helga er spurð hvort hún hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

Helga segir svo ekki vera. Hún vill ítreka það að þau Eiríkur hafi aldrei átt Fjárfar, aldrei tekið neinar ákvaðanir fyrir félagið, aldrei fengið lán fyrir félagið og aldrei átt þar neina hagsmuni, hvorki stjórnarlega né eignarlega.


Skýrslutöku lauk kl. 13 50

Staðfest rétt eftir haft:



Helga Gísladóttir

Skýrsluna skráði:



Sveinn Ingiberg Magnússon

<b>RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN</b>	<b>SKÝRSLA</b> <b>YFIRHEYRSLA</b> <b>SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR</b>	<b>RLS</b>
Skýrslu gerir <b>9813 Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi</b>	Mál nr. <b>006-2002-00086</b>	<b>V/18.1</b>
Staður og slund: <b>Mánudagur 30. maí 2005 kl. 10:03 – Skrifstofa RLS, Skúlagötu 21, Reykjavík</b>	Sakarefni: <b>Rannsókn á ætluðum brotum forráðam. Baugs hf. og skyldra félaga – Vöruveltan hf./Litla fasteignafélagið ehf.</b>	
Sakborningur/grunaður: <b>Helga Gísladóttir</b>	Kennitala: <b>170857-2089</b>	
Starf/staða:	Vinnusími:	
Lögheimili: <b>Valhúsabraut 16, 170 Seltjarnarnes</b>	Sími: <b>561 0040/899 4848</b>	
Dvalarstaður:	Sími:	

Helga Gísladóttir er mætt til yfirheyrslu á skrifstofu Ríkislögreglustjórans samkvæmt boðun. Henni er kunnert um tilefni yfirheyrslunnar, sem er opinber rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna Baugs hf. og skyldra félaga í tengslum við kaup hlutfjár í Vöruveltunni hf. á árunum 1998 og 1999. Enn fremur er til rannsóknar ætluð refsiverð háttsemi er lýtur að kaupum og sölu fasteigna til og frá Litla fasteignafélaginu ehf. á árunum 1998 og 1999.

Helga nýtur réttarstöðu sakbornings við rannsókn málsins samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, en talsverður vafi þykir vera á hennar aðkomu að þeirri ætluðu refsiverðu háttsemi sem til rannsóknar er. Þykir því rétt að Helga hafi þessa réttarstöðu vegna réttarfarshagsræðis. Helga er grunuð um þátttöku eða hlutdeild í ferli til að fjármagna kaup Jóns Ásgeirs Jóhannessonar á hlutafé Vöruveltunnar hf., sem Jón Ásgeir keypti af henni og eiginmanni hennar, Eiríki Sigurðssyni, með kaupsamningi, dags. 7. október 1998. Grunur er um að eignarhlutar í Vöruveltunni hf. hafi verið seldir áfram til annarra fjárfesta, með milligöngu Íslandsbanka hf., þar sem þau Helga og Eiríkur komu fram út á við gagnvart væntanlegum kaupendum líkt og þau væru raunverulegir eigendur félagsins, sem og síðar verður rakið.

Sú ætlaða refsiverða háttsemi sem Helga er grunuð um að hafa drýgt þykir kunna varða við XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 1940, þá aðallega 249. gr. laganna umboðssvik, sbr. 22. gr. sömu laga um hlutdeild.

Helgu er kunngerð réttarstaðan um að honum sé óskilyt að svara spurningum um þá ætluðu refsiverðu háttsemi sem hún verður yfirheyrð um, sbr. 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Brynt er fyrir Helgu að ef hún kjósi að tjá sig um hið ætlaða sakarefni að skýra þá satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kunn að skipta, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1991. Helgu er einnig kynntur réttur hennar um að hún geti annaðhvort ráðið á sinn kostnað lögmann til að gæta réttar hennar og halda uppi vörnum sem talsmaður, sbr. 1. mgr. 37. gr. nr. 19/1991 eða óskað eftir að fá skipaðan af dómara verjanda vegna rannsóknar málsins, sbr. 1. mgr. 35. gr. sömu laga.

Aðspurð segir Helga að hún skilji tilefni yfirheyrslunnar og þau ákvæði réttarfarslaga er henni hafa verið gjörð kunn. Helga segir að hún hyggist ekki leita atbeina lögmanns eða óska eftir skipun verjanda að svo stöddu.

Viðstaddur og þátttakandi í yfirheyrslunni er Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi. Yfirheyrslan fer þannig fram að skýrsla er rituð og skráð í tölvu. Spurningar og eftir atvikum gögn eru lögð fyrir Helgu og svör hennar við þeim síðan bókuð eftir henni í óbeinni ræðu. Helgu verður við yfirheyrsluna gefinn kostur á að kynna sér umrædd fyrirliggjandi gögn. Enn fremur verður henni gefinn kostur á að hrekja þær forsendur sem grunur er reistur á og koma á framfæri skýringum sér til hagsbóta.

**07375**

Helga er spurð um afstöðu til þess ætlaða sakarefnis sem henni hefur nú verið kynnt; hvort hún vilji tjá sig sjálfstætt um það, hrekja það eða koma á framfæri skýringum sér til hagsbóta.

Helga segir að hún neiti þeim sakargiftum sem henni hafa nú verið kynntar. Helga segir að hún og eiginmaður hennar, Eiríkur Sigurðsson, hafi með kaupsamningi, dags. 7. október 1998, selt fyrirtækið Vöruveltuna hf. til Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Það ferli sem átt hafi sér stað eftir það sé henni algjörlega á huldu, að undanskildu því að þau hjónin hafi aðstoðað Jón Ásgeir og hafi sú aðstoð falist í því að rita nafn þeirra undir pappíra.

### Vöruveltan hf.

Helga er beðinn með greinargóðum hætti að gera grein fyrir hlutafélaginu Vöruveltunni hf. m. t. t. hvenær félagið hafi verið stofnað, hvort og hversu lengi hún hafi setið í stjórn félagsins og hvenær hennar afskiptum af félaginu hafi lokið.

Helga segir að hún og Eiríkur hafi stofnað Vöruveltuna hf. á árinu 1991, ásamt þeim Jóhannesi Jónssyni og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni. Hafi þau hjónin átt 50 % eignarhlut og þeir feðgar hinn 50 % hlutinn. Helga segir að líklega á árinu 1993 hafi þau selt 25 % eignarhlut sinn til Hagkaups, þegar Hagkaup hafi keypt Bónus. Helga segir að það samstarf hafi ekki staðið lengi yfir og hafi atvik þróast með þeim hætti að þau hjónin hafi á árinu 1993 eignast 100 % eignarhlut í Vöruveltunni hf. Helga segir að hún og Eiríkur hafi síðan átt og rekið félagið til ársins 1998, þegar þau hafi selt það Jóni Ásgeiri Jóhannessyni.

Helga segir að hún hafi frá upphafi setið í stjórn félagsins og eftir því sem hún best muni fram að þeim tíma þegar hún og Eiríkur hafi selt félagið 7. október 1998.

### Gögn frá hlutafélagaskrá

Helgu er sýnd samantekt Ríkislögreglustjórans á upplýsingum um skipan stjórnar o. fl. í Vöruveltunni hf. (síðar Tíu ellefu hf., frá 23. des. 1998). Samkvæmt umræddri samtekt hefur Helga setið í stjórn Vöruveltunnar hf. annars vegar á tímabili frá 12. október 1991 til 5. nóvember 1992 og hins vegar frá 24. júlí 1993 til 15. ágúst 1999.

- Skjal málsins nr. II/50.25.0

Helga er spurð hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Helga segir að hún viti það ekki nákvæmlega þar sem henni hafi ekki verið kunnugt um að hafa verið skráð stjórnarmaður í félaginu eftir að afskiptum hennar hafi lokið af félaginu, sem hafi sem áður segir verið skv. hennar besta minni, við gerð samningsins 7. október 1998.

Aðspurð segir Helga að eftir 7. október 1998 hafi hún aldrei verið kvödd á stjórnarfund félagsins eða haft neina aðkomu að rekstri félagsins.

Aðspurð segir Helga enn fremur að þessar upplýsingar um stjórnarsetu hennar í félaginu eftir 7. október 1998 hafi fram til þessa verið henni algerlega ókunnar. Hins vegar hafi átt sér stað einhverjar nafnabreytingar á félögum og þess háttar, þ. á m. á nafni Vöruveltunnar hf., eftir að hún hafi farið úr stjórn félagsins og reki hana minni til að hafa einhvern tímann verið fengin til að rita undir einhver skjöl er lotið hafi að nafnabreytingum, líkt og hún væri enn í stjórn félagsins. Helga segir að hún muni þetta þó óglögg til að geta lýst því frekar.

**Vöruveltan hf. – kaup á hlutabréfum****Kaupsamningur, dags. 7. október 1998**

Helgu er sýnt afrit af kaupsamningi vegna kaupa á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. kt. 511091-1369, að nafnvirði 4.600.000,- króna, dags. 7. október 1998. Samkvæmt umræddum samningi gerðu seljandi, Helga Gísladóttir kt. 170857-2089 fyrir sína hönd og/eða hlutafélags sem eigenda 100% hlutafjár í Vöruveltunni hf. og umboðsmaður kaupanda, Jón Ásgeir Jóhannesson kt. 270168-4509, með sér samning um kaup á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. Kaupsamningurinn er undirritaður af Helgu Gísladóttur, Eiríki Sigurðssyni og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og vottaður af Grétari Haraldssyni kt. 060335-7299, héraðsdómslögmanni og Ragnari Tómassyni kt. 300139-7019, lögmanni. Umsamið kaupverð alls hlutafjárins var kr. 1.150.000.000,- og skyldi greiðast eftirfarandi:

- Skjal málsins nr. II/50.2

1. Hinn 8. október 1998	kr.	200.000.000,-
2. Hinn 5. nóvember 1998	kr.	800.000.000,-
3. Með víxli pr. 1. 3. 1999 (verðbætur gerðar upp sér)	kr.	150.000.000,-
		-----
	Kr.	1.150.000.000,-

Helga er beðin að gera grein fyrir þessum samningi; hver aðdragandi hans hafi verið, hvort hann hafi verið efndur og þá hvernig.

Helga segir að aðdragandi þessa samnings hafi verið sá að nokkrir aðiljar hafi sýnt áhuga á að kaupa félagið og þ. á m. KEA. Helga segir að eiginmaður hennar, Eiríkur, hafi alfarið séð um þau samskipti. Helga segir að hún viti til þess að á hausmánuðum 1998 hafi að Ragnar Tómasson sett sig í samband við Eirík fyrir hönd Jóns Ásgeirs Jóhannessonar með fyrirhuguð kaup á félaginu. Í framhaldi af því hafi þau hjónin ákveðið að selja félagið til Jóns Ásgeirs.

Helga segir að þessi samningur hafi verið efndur af hálfu Jóns Ásgeirs, en þó hafi kaupverð verið hækkað um kr. 10.000.000 frá því sem í samningnum segir. Helga segir að hún muni ekki nákvæmlega hvernig það hafi verið tilkomið eða hvernig það hafi verið greitt.

Helga segir að samkvæmt því sem hún best muni þá hafi kaupverð verið greitt eins og í samningnum hafi kveðið á um. Sem áður segir hafi það hins vegar alfarið verið í höndum Eiríks að taka við þessum greiðslum og sjá um samningurinn yrði efndur.

Helga er spurð hvenær afhending félagsins hafi farið fram.

Helga segir að afhending félagsins hafi farið fram í framhaldi af undirritun samningsins og hafi þar sem afskiptum hennar og Eiríks alfarið lokið af félaginu.

**Greiðsla á kr. 200.000.000, sem fara átti fram 8. október skv. kaupsamningi 7. október 1998**

Helgu er sýnt afrit af viðskiptakvittun SPRON vegna greiðslu á kr. 200.000.000, dags. 8. október 1998. Helgu er samhliða þessari afrituðu kvittun sýnt afrit af reikningsyfirliti Baugs-Aðfanga ehf. nr. 1151-26-156, dags. 30. september 1998; ljósrit af tékka, útgefnum af SPRON, stíluðum á Helgu Gísladóttur og framseldur af sömu, dags. 8. október 1998; afrit af viðskiptakvittun SPRON vegna innlagnar á kr. 200.000.000 á reikning Helgu Gísladóttur nr. 0327-26-001706, dags. 9. október 1998.

- Skjöl málsins nr. II/50.2.1, II/50.2.2, II/50.2.3 og II/50.2.4

Helga er spurð hvort þetta hafi verið fyrsta greiðslan samkvæmt kaupsamningi, dags. 7. október 1998.

Helga segir að hún kannist við umræddan tékka og enn fremur viðskiptakvittunina. Helga segir að þau gögn séu vegna fyrstu greiðslunnar samkvæmt kaupsamningnum frá 7. október 1998.

Helga er spurð hvort hún viti hvernig þessi greiðsla hafi verið fjármögnuð af hálfu kaupanda.

Helga segir að hún hafi enga vitneskju um það.

**Fyrri endurgreiðsla að fjárhæð kr. 100.000.000**

Helgu er sýnt afrit af viðskiptakvittun SPRON vegna innlagningar á kr. 116.356.027,86 inn á reikning Baugs-Aðfanga ehf., dags. 4. desember 1998; afrit af samriti reikningsyfirlita Íslandsbanka á reikningi nr. 0515-26-014044, dags. 4. desember 1998; afrit af innlagnarnótu Íslandsbanka, stílaðri á Eirík Sigurðsson, að fjárhæð kr. 116.356.027,86, dags. 3. desember 1998; afrit af úttektarnótu Íslandsbanka, dags. 3. desember 1998; afrit af handrituðu blaði með ýmsum upplýsingum um fjárhæðir, þ. á m. kr. 200.000.000 og 116.356.027,86, ódagsett; afrit af yfirlýsingu Ragnars Tómassonar um að hafa í lok árs 1998 eða byrjun árs 1999 fengið greiðslu að fjárhæð ca 13 milljónir króna fyrir að hafa haf milligöngu um sölu á Vöruveltunni hf., dags. 2. júlí 2004 og afrit af tékka að fjárhæð kr. 12.671.246 og útgefnum af Ingibjörgu Stefáns, dags. 30. desember 1998.

- Skjöl málsins nr. II/50.3.1, II/50.3.2, II/50.3.3, II/50.3.4, II/50.3.5 og II/50.3.6

Grunur er um að kr. 100.000.000 af þessari fjárhæð, kr. 116.356.028, hafi verið endurgreiðsla á helmingi af þeim 200.000.000 kr., sem greiddar voru til Helgu og Eiríks 8. október 1998. Umrædd fjárhæð var lögð inn á reikning Baugs-Aðfanga ehf. í tengslum við uppgjör Íslandsbanka hf. og Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar á sölu 40 % eignarhlut í Vöruveltunni hf. samkvæmt samningi þeirra frá 10. nóvember 1998 (þar af 35 % til Eignarhaldsfélags Alþýðubankans (27,14 %), Lífeyrissjóðsins Lífiðnar (2,86 %) og Landsbréfa (5 %) og 5 % til Íslandsbanka hf.), sbr. skjöl málsins II/50.7 og II/50.7.1. Samkvæmt því sem fram kemur á viðskiptakvittun vegna þessarar innborgunar er skýring greiðslunnar sögð vera „GREIÐSLA V/ YFIRDR.“

Helga er spurð hvort þetta hafi verið vegna greiðslu til baka á helmingi fjárhæðarinnar samkvæmt samningi frá 7. október 1998 og enn fremur hvort hún hafi haft aðkomu að endurgreiðslu fjárhæðarinnar.

Helga segir að hún hafi enga vitneskju um það og sé þetta mál algjörlega á huldu.

**Aðrar greiðslur skv. kaupsamningi frá 7. október 1998 og fjármögnun þeirra**

**Greiðsla á kr. 800.000.000, sem fara átti fram 5. nóvember 1998 en fór fram 16. nóvember s. á.**

Helgu er sýnt afrit af lánabeiðnum Fjárfars og Eiríks Sigurðssonar hjá Íslandsbanka vegna kaupa á hlutum í Vöruveltunni, dags. 16. nóvember 1998; afrit af tveimur lánstíloðum að fjárhæð kr. 451.000.000 vegna lánasamninga Fjárfars ehf. og Íslandsbanka hf., dags. 16. nóvember 1998; afrit af lánasamningi milli Íslandsbanka hf. og Fjárfars ehf. vegna láns að fjárhæð kr. 451.000.000, dags. 16. nóvember 1998; afrit af almennum skilmálum fyrir lán frá Íslandsbanka hf. ásamt viðaukum 1, 2. og 3 (handveðyfirlýsingu Fjárfars ehf. vegna handveðsetningu hlutabréfa), dags. 16. september 1998; afrit af samþykki stjórnar Vöruveltunnar fyrir veðsetningu hlutabréfa, dags. 16. nóvember 1998 og vottuð af Grétari Haraldssyni og Ragnari Tómassyni; afrit af úttektarnótum Íslandsbanka vegna úttektar á kr. 351.777.778 og kr. 450.000.000, dags. 16. nóvember 1998 og afrit af innlagnar- og úttektarnótu Íslandsbanka hf. vegna úttektar á kr. 77.000.000 vegna Vöruveltunnar hf., dags. 3. desember 1998. Umrædd gögn liggja frammi.

- Skjöl málsins nr. II/50.5.1, II/50.5.2, II/50.5.3, II/50.5.4, II/50.5.5, II/50.5.6 og II/50.5.7

**Greiðsla á fjárhæð kr. 350.000.000 – fjármagnað með samningi, dags. 10. nóvember 1998 – sala 40 % til stofnfjárfesta**

Helgu er samhliða sýnt afrit af samningi milli Íslandsbanka annars vegar og hins vegar Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar vegna Vöruveltunnar hf. um sölu á eignarhlut í félaginu o. fl., dags. 10. nóvember 1998. Samkvæmt umræddum samningi gerðu Íslandsbanki annars vegar og Helga Gísladóttir og Eiríkur Sigurðssonar sem eigendur að öllu hlutafé í Vöruveltunni hf., sem þá rak verslanir undir heitinu 10-11, samning um að selja allt að 75 % eignarhlut í félaginu. Enn fremur kom fram að stefnt yrði að selja eftirstandandi 25 % eignarhlut á komandi árum. Í samningum kom fram að af þeim 75 % sem selja átti yrði 35 % hlutur í félaginu seldur til Árna Samúelssonar, Heklu hf., Tryggingarmiðstöðvarinnar hf. og Sævars Jónssonar, en þeir aðiljar kæmu til með að mynda með sér félag um þann eignarhlut. Samkvæmt samningnum var gengið út frá því að heildarverðmæti félagsins næmi um kr. 1.400.000.000 [35 % hlutur samsvarar kr. 490.000.000]. Samkvæmt samningum tók Íslandsbanki að sér fyrir hönd seljenda að ráðstafa eftirstandandi 40 % eignarhluta með þeim hætti að leita kaupenda í hópi fagfjárfesta fyrir um það bil 35 % og þá miðað við heildarverðmæti kr. 1.400.000.000 [35 % hlutur samsvarar 490.000.000]. Enn fremur kom fram að sá 5 % eignahlutur, sem eftir stóð, skyldi seldur við skráningu félagsins á Verðbréfaþingi Íslands [5 % eignahlutur samsvarar kr. 57.500.000, þ. e. miðað við heildarverðmæti kr. 1.150.000.000]. Fyrir liggur að Eignarhaldsfélag Alþýðubankans og fl. keyptu umræddan 35 % hlut.

- Skjal málsins nr. II/50.7

Helgu er sérstaklega sýnt afrit af útprentun frá Íslandsbanka með yfirskriftinni „Uppgjör v/sölu á 40% eignarhlut í Vöruveltunni hf. sbr. samning milli aðila frá 10. nóvember 1998“, dags. í Reykjavík 4. desember 1998. Samkvæmt umræddu skjali hefur greiðsla að fjárhæð kr. 350.000.000 verið fjármögnuð með bráðabirgðaláni að fjárhæð kr. 351.777.778 þeirra Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar, sbr. skjal málsins nr. II/50.5.1 (bls. 2 og 3), en umrædd 40 % hafi síðan verið seld til stofnfjárfesta og í dreifðri sölu fyrir heildarandvirði 547.500.000 (35 % hlutur á kr. 490.000.000).

- Skjal málsins nr. II/50.7.1 og II/50.5.1

Helga er beðin að gera grein fyrir þessum samningi frá 10. nóvember 1998 og hvort hann hafi verið efnður.

Helga segir að þessi samningur hafi ekki verið efnður. Helga segir að hún viti ekkert um þennan samning eða nokkuð um þau lán sem þarna virðast hafa verið tekin. Helga segir að þetta hafi verið eitt af þeim skjölum sem hún og Eiríkur hafi verið fengin til að skrifa undir. Helga segir að hún muni ekki nákvæmlega hvenær eða hvar hún hafi ritað undir þessi skjöl. Helga segir að Eiríkur hafi annast öll samskipti varðandi þetta mál við hlutaðeigandi.

Helga er beðin að gera grein fyrir láni að fjárhæð kr. 350.000.000 sem eiginmaður hennar, Eiríkur, virðist þarna hafa fengið hjá Íslandsbanka.

Helga segir að hún geti enga grein gert fyrir þessari lánveitingu, enda hafi hún og eiginmaður hennar verið að fá greiddar 800 milljónir króna samkvæmt samningi frá 7. október 1998, og því ekki verið að taka lán. Helga segir hana rámi í að þessi fjárhæð, kr. 351.777.778, hafi verið lögð inn á reikning hennar. Helga segir að þau 1.777.778 hafi þarna verið reiknaðir vextir frá gjalddaga skv. samningnum frá 7. október 1998, þ. e. að fjárhæðin hafi átt að greiðast 5. nóvember 1998, en ekki verið greidd fyrr en um mánuði síðar. Helga segir að hana rámi enn fremur í að sléttar 450 milljónir hafi verið lagðar inn á reikning hennar á sama tíma.

Aðspurð segir Helga að hana hafi grunað að tilgangur þessa hafi verið sá að kaupandi, Jón Ásgeir, hafi þarna verið að fjármagna hluta af kaupum Vöruveltunnar hf. Aðspurð segir Helga að hana hafi enn fremur rennt grun í að Jón Ásgeir hafi á þessum tíma vísitandi viljað leyna eignarhaldi í Vöruveltunni hf., þ. e. að hann væri eigandi félagsins.

Aðspurð segir Helga að það hún hafi aldrei heyrt neitt frekar um þessar lánveitingar. Helga segir að þau hjónin hafi enga baktryggingu haft ef þessi lán hefðu lent í vanskilum eða þess háttar. Aðspurð segir hún



að þau hafi gert þetta með nokkrum trega. Hins vegar hafi þau fyrst og fremst viljað að kaupsamninginn frá 7. október 1998 yrði efndur og það og ekki annað hafi hangið á spýttunni.

**Greiðsla á fjárhæð kr. 450.000.000 – fjármagnað með samningi, dags. 10. nóvember 1998 – sala 35 % til Fjárfars ehf.** Helgu er enn sýnt afrit af samningi milli Íslandsbanka annars vegar og hins vegar Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar vegna Vöruveltunnar hf. um sölu á eignarhlut í félaginu o. fl., dags. 10. nóvember 1998. Sem áður segir kemur fram í samningum að af þeim 75 % sem selja átti yrði 35 % hlutur í félaginu seldur til Árna Samúelssonar, Heklu hf., Tryggingarmiðstöðvarinnar hf. og Sævars Jónssonar, en þeir aðiljar kæmu til með að mynda með sér félag um þann eignarhlut. Fyrir liggur að þessi 35 % hluti var seldur til Fjárfars ehf. Kaupverð til Fjárfars var kr. 450.000.000.

- Skjal málsins nr. II/50.7

Helga er spurð hvers vegna Eignarhaldsfélag Alþýðubankans o. fl. hafi þarna keypt hlut sinn miðað við heildarverðmæti félagsins kr. 1.400.000.000; Íslandsbanki sín bréf miðað við heildarverðmæti félagsins kr. 1.150.000.000 og Fjárfar kr. 40.000.000 lægra en hlutur Eignarhaldsfélags Alþýðubankans.

Helga er segir að hún hafi enga skýringu á þessu, né heldur hafi hún á nokkrum tíma haft vitneskju um þetta.

Helgu er sérstaklega sýnt afrit af lánstilboði að fjárhæð kr. 451.000.000 vegna lánasamninga Fjárfars ehf. og Íslandsbanka hf., dags. 16. nóvember 1998; afrit af lánasamningi milli Íslandsbanka hf. og Fjárfars ehf. vegna láns að fjárhæð kr. 451.000.000, dags. 16. nóvember 1998; afrit af almennum skilmálum fyrir lán frá Íslandsbanka hf. ásamt viðaukum 1, 2. og 3 (handveðyfirlýsingu Fjárfars ehf. vegna handveðsetningu hlutabréfa), dags. 16. september 1998 og afrit af samþykki stjórnar Vöruveltunnar fyrir veðsetningu hlutabréfa, dags. 16. nóvember 1998. Samkvæmt umræddum gögnum var 60 % hlutafjár í Vöruveltunni hf. sett sem trygging fyrir láninu, þ. e. 35 % hlutur Fjárfars ehf. og 25 % hlutur Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar.

- Skjal málsins nr. II/50.5.2, II/50.5.3, II/50.5.4, II/50.5.5 og II/50.5.6

Helga er spurð hvort hafi verið gerðir kaupsamningar vegna beggja þessara eignarhluta eða hvort miðað hafi verið við samninginn frá 10. nóvember 1998.

Helga segir að hún hafi enga vitneskju um það.

**Greiðsla á kr. 150.000.000, sem fara átti fram með vixli útgefnum 16. nóvember 1998 – greitt með hlutabréfum**

Helgu er sýnt afrit af vixli Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis að fjárhæð kr. 150.000.000, þar sem greiðandi er Eignarhaldsfélagið Gaumur og útgefandi Fjárfestingarfélagið Gaumur, dags. 16. nóvember 1998, - með gjalddaga 1. mars 1999. Helgu er enn fremur sýnt afrit af símbréfi Kaupþings hf. til hluthafaskrá Baugs hf. um að sölu Kaupþings Lúxemborg á hlut í Baugi að nafnverði 16.200.000 til Helgu Gísladóttur, dags. 3. nóvember 1999 og afrit af greinargerð um viðskipti með hlutabréf í Baugi hf., dags. 2. mars 2004. Samkvæmt umræddum gögnum virðist þessi fjárhæð ekki hafa verið greidd með umræddum vixli heldur hlutabréfum í Baugi hf. að nafnverði kr. 16.200.000 eða að þáverandi markaðsandvirði kr. 162.000.000.

- Skjöl málsins nr. II/50.6.1, II/50.6.2 og II/50.6.3

Helga er spurð hvort þetta hafi verið þriðja greiðslan samkvæmt kaupsamningi, dags. 7. október 1998.

Helga segir að hún muni það ekki nákvæmlega, en sem áður segir hafi það alfarið verið í höndum eiginmanns hennar, Eiríks, að sjá til þess að kaupsamningurinn frá 7. október 1998 yrði efndur.

**Samstarfssamningur, dags. 27. apríl 1999**

Helgu er sýnt afrit af samstarfssamningi Kaupþings hf.; Íslandsbanka hf.; Fjárfars ehf.; Litla fasteignafélagsins ehf.; Eiríks Sigurðssonar og Helgu Gísladóttur; 10-11 og Vöruveltunnar hf. um kaup og sölu á 35 % eignarhlut í Vöruveltunni hf., dags. 27. apríl 1999.

- Skjöl málsins nr. II/50.8

Helga er beðin að gera grein fyrir þessum samningi.

Helga segir að hún muni ekki sérstaklega eftir þessu samningi, heldur hafi þetta aðeins verið eitt af þeim skjölum sem hún hafi verið fengin til að skrifa undir. Helga segir að Eiríkur hafi verið í útlöndum á þessum tíma og því sé hennar nafn aðeins á samningnum. Aðspurð segir Helga að hún viti ekki hver tilgangur þessa samnings hafi verið.

**Kaupsamningur, dags. 21. maí 1999, ásamt fylgigögnum**

Helgu er sýnt afrit af kaupsamningi vegna kaupa Baugs hf. á 70 % hlutabréfa í Vöruveltunni hf., samtals að nafnvirði 210.000.000 króna, dags. 21. maí 1999. Samkvæmt umræddum samningi seldi Helga Gísladóttir 25 % eignarhlut sinn í Vöruveltunni hf. til Baugs hf. og Fjárfars ehf. þar af leiðandi 45 % eignarhlut sinn. Samkvæmt samningnum var kaupverðið kr. 447.000.000, en þar af átti að greiða kr. 65.000.000 með hlutabréfum í Baugi að nafnverði. Samningurinn er undirritaður af Jóni Ásgeiri Jóhannessyni f. h. stjórnar Baugs hf.; Helgu Gísladóttur og Eiríki Sigurðssyni, en samningurinn er óundirritaður f. h. Fjárfars ehf. Samningurinn er vottaður af Grétari Haraldssyni. Samkvæmt kaupsamningnum skyldi kaupverð greiðast með eftirfarandi hætti:

- Skjal málsins nr. II/50.9

a) Við undirritun kaupsamnings	kr.	225.000.000,-
b) Við undirritun kaupsamnings með skuldabréfi	kr.	162.000.000,-
c) Hinn 1. júlí afhendir kaupandi seljanda hlutabréf í sjálfum sér að nv.	kr.	65.000.000,-
		-----
	Kr.	447.000.000,-

Helga er spurð hvort þessi samningur hafi gengið eftir og verið efndur og hvort hún hafi fengið greitt samkvæmt honum.

Helga segir að þessi samningur hafi ekki gengið eftir og hafi hún og Eiríkur ekki fengið greitt samkvæmt honum. Helga segir að þetta hafi verið eitt af þeim skjölum sem hún og Eiríkur hafi verið fengin til að skrifa undur. Helga segir að hún hafi að vísu ekki skrifað undir þennan samning heldur Eiríkur fyrir hennar hönd. Helga segir að hún muni ekki hvers vegna Eiríkur hafi þarna ritað undir fyrir hennar hönd.

Helga er spurð hvort hún viti hver tilgangur þessa samnings hafi verið.

Helga segir að hún viti ekki hver tilgangur þessa samnings hafi verið, né heldur aðdraganda hans. Aðspurður segir Helga að þessi mál séu henni algjörlega á huldu, þ. e. hvers vegna þessi samningur hafi á annað borð verið gerður.

Aðspurð segir Helga að þær upplýsingar sem fram komi í samningnum séu rangar, því hún og Eiríkur hafi á þessum tíma ekki verið eigendur þessa eignarhluta.

**Greiðsla á kr. 225.000.000 (greitt í þrennu lagi), sem greiðast átti við undirritun kaupsamnings**

Helgu er sýnt afrit af útprentun úr bókhaldi Baugs hf. vegna greiðslu að fjárhæð kr. 225.000.000 hinn 20. maí 1999; afrit af útprentuðum upplýsingum úr bókhaldi Baugs Group hf. á tímabili frá 20. maí 1999 til 30. júní 2000 og afrit af útprentun á hreyfingalista úr bókhaldi Baugs hf., dags. 26. júní 1999. Samkvæmt umræddum gögnum er Helga Gísladóttir sögð hafa fengið umræddar kr. 225.000.000 greiddar.

- Skjöl málsins nr. II/50.9.1, II/50.9.2 og II/50.9.3

Helga er spurð hvort það sé réttar upplýsingar og hvort hún hafi fengið greitt samkvæmt þessu, þá með vísan til samnings frá 21. maí 1999.

Helga segir að svo sé ekki, hún og Eiríkur hafi ekki fengið greitt samkvæmt þessum samningi, heldur samningi frá 7. október 1998.

Aðspurð segir Helga að hún hafi ekki haft vitneskju um þennan færslumáta í bókhaldi Baugs hf., þ. e. að gengið hafi verið frá málum með þessum hætti. Að sama skapi segir Helga að hún hafi ekki fengið greitt samkvæmt þessu.

**Greiðsla að fjárhæð kr. 162.000.000, sem greiða átti með skuldabréfi (greitt með láni)**

Helgu er sýnt afrit af símbréfi Kauppings hf. til Baugs hf. vegna láns til Baugs hf. að fjárhæð kr. 162.000.000, dags. 30. júní 1999; afrit af bókunarblaði vegna fjárhæðarinnar 162.000.000, dags. 30. júní og afrit af útprentun úr bókhaldi Baugs hf. með upplýsingum um skammtímalán að fjárhæð kr. 162.000.000, dags. 2. og 7. júlí 1999. Helgu er kunnert að grunur sé um að þessi greiðsla hafi ekki farið fram með skuldabréfi, heldur hafi hún verið greidd með láni frá Kaupthingi Luxembourg, sem síðan hafi verið gert upp með hlutabréfum – þeim hinum sömu og notuð voru til að gera upp víxil að fjárhæð kr. 150.000.000 og fara átti fram 1. mars 1999 á grundvelli kaupsamningsins frá 7. október 1998.

- Skjöl málsins nr. II/50.13.1, II/50.13.2 og II/50.13.3

Helga er spurð hvort það sé réttar upplýsingar og hvort hún hafi fengið greitt samkvæmt þessu, þá með vísan til samnings frá 21. maí 1999.

Helga segir að hún hafi ekki fengið greitt samkvæmt þessu, heldur sem áður segir skv. kaupsamningi frá 7. október 1998. Aðspurð segir Helga að hún hafi ekki haft vitneskju um þennan færslumáta í bókhaldi Baugs hf.

**Gögn vegna greiðslu með hlutabréfum í Baugi að nafnverði kr. 65.000.000**

Helgu er sýnt afrit af hreyfingalista í hlutaskrá Baugs hf. v/ Fjárfars ehf. frá 30. júní 1999 til 20. september 2000. Helgu er kunnert að fyrir liggi að hlutabréf að nafnverði kr. 65.000.000 í Baugi hf. hafi runnið til Fjárfars ehf. eða að markaðsvirði kr. 650.000.000 og hlutabréf að nafnverði kr. 17.500.000 eða markaðsvirði kr. 175.000.000 hafi runnið til Íslandsbanka. Fyrir liggur að þessi hlutabréf hafi verið fengin með aukningu hlutafjár í Baugi hf. samkvæmt aukahlutahafafundi frá 24. júní 1999.

- Skjöl málsins nr. II/50.14.1, II/50.14.4 og II/50.14.2

Helga er spurð hvort hún hafi einhverja vitneskju um það hvernig farið hafi verið með þessi hlutabréf í eigu Baugs hf. sem runnið hafi til Fjárfars ehf. og hvort hún hafi vitneskju um að þetta hafi tengst samningi frá 21. maí 1999.

Helga segir að hún þekki ekki þetta mál og sé henni algjörlega á huldu, enda hafi hún og eiginmaður hennar aldrei fengið greitt samkvæmt þessu. Aðspurð segir Helga að hún hafi aldrei nokkurn tímann hafi

nokkra aðkomu að Fjárfari ehf. nema að nafninu til. Helga segir að hún hafi þegar gert grein fyrir aðkomu sinni að Fjárfari ehf. í skýrslu hjá lögreglu.

Helgu er með vísan til þessa sýnt afrit af ársreikningi Fjárfars ehf. fyrir árið 1999; afrit af yfirlýsingu um að Helga Gísladóttir sé eigandi meiri hluta hlutafjár í Fjárfari ehf., svo og umboð til handa Helga Jóhannessyni um að honum væri heimilt að tilkynna þetta Verðbréfaþingi Íslands, dags. 7. desember 2000 og afrit af tilkynningu Helga Jóhannessonar þess efnis, dags. 8. desember 2000. Samkvæmt því sem fram kemur í þessum gögnum hefur Helga átt um 90 % hlut í Fjárfari á árunum 1999 og 2000.

- Skjal málsins nr. II/50.25.2 og II/50.25.4

Helga er spurð hvort hún hafi á þessum tíma verið eigandi Fjárfars ehf.

Helga segir að hún hafi séð eitthvað af þessum gögnum áður, en sem áður segir hafi hún aldrei haft neina aðkomu að Fjárfari ehf. nema að nafninu til. Helga segir að aðkoma hennar að Fjárfari ehf. hafi verið einn liður í því ferli sem hún og eiginmaður hennar hafi verið dregin inn í eftir kaupsamninginn frá 7. október 1998.

#### Sölusamningur, dags. 5. júní 1999, ásamt fylgigögnum

Helgu er sýnt afrit af sölusamningi Helgu Gísladóttur vegna sölu og afsals á 25 % hlutafjareignar í Vöruveltunni hf. til Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, dags. 5. júní 1999 – kaupverð kr. 297.500.000. Samkvæmt téðum samningi hefur Jón Ásgeir Jóhannesson keypt 25 % hlutafé í Vöruveltunni hf. Kaupverðið er sagt kr. 297.500.000 og átti að greiðast með eftirfarandi hætti:

- Skjal málsins nr. II/50.15

1. Kaupandi hefur þegar greitt með peningum	kr.	287.500.000.00
2. Kaupandi greiðir með hlutabréfum í Baugi h. f. að nafnvirði kr. 5.000.000.00. Bréfin afhendast seljanda þegar Apótekið eign Gaums hf. hefur verið metið inn í Baug h. f. (ágúst 1999)	"	5.000.000.00
3. Kaupandi greiðir með hlutabréfum í Baugi h. f. að nafnvirði kr. 5.000.000.00. Bréfin afhendast seljanda í október 2000	"	5.000.000.00
	<u>Samtals kr.</u>	<u>297.000.000.00</u>

Helga er beðin að gera grein fyrir þessum viðskiptum; hvort þessi samningur hafi verið efndur, hvort þau hjón hafi fengið greiddar kr. 287.000.000 í peningum og hvort þau hafi fengið hlutabréf í Baugi samtals að nafnvirði kr. 10.000.000.

Helga segir að hún muni ekki hvaða samningur þetta sé. Helga segir að þetta sé eitt af þeim skjölum sem hún hafi verið fengin til að rita undir. Helga segir að Eiríkur hafi alfarið séð um gerð þessa samnings og hafi hún enga aðkomu haft að gerð þessa samnings.

Helgu er kunnert að grunur sé um að þessi samningur hafi verið gerður í þeim tilgangi að hækka verð Vöruveltunnar hf. og að samningurinn hafi tryggt henni og Eiríki hækkun á söluverði um kr. 100.000.000 eða sem samsvarað hafi hlutum í Baugi hf. að nafnvirði kr. 10.000.000 miðað við markaðsandvirði á genginu 10.

Helga er spurð um afstöðu til þessa.

Helga segir að hún muni það ekki. Hins vegar segir Helga að hún muni til þess að söluverðið hafi verið hækkað, en viti ekki hvernig það hafi gert. Aðspurð segir Helga að hún viti ekki hvernig það hafi verið ákvarðað, hver aðdragandi þess hafi verið eða hver hafi átt frumkvæðið að því.

Aðspurð segir Helga að hún muni ekki hvernig uppgjöri þeirra hjóna við Jón Ásgeir vegna kaupsamnings frá 7. október 1998 hafi lokið. Helga segir að hún vísi alfarið á Eirík í því sambandi þar sem öll framkvæmd hafi verið hans.

-----

### Samstarfs- og sölusamningur, dags. 5. júní 1999

Helgu er sýnt afrit af samstarfs- og sölusamningi milli Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar annars vegar og Baugs hf. hins vegar, dags. 5. júní 1999. Umræddur samningur fól í sér að Helga Gísladóttir seldi Baugi hf. 50 % af hlutafjäreign sinni í Veltunni ehf. fyrir hlutabréf í Baugi hf. að nafnvirði kr. 10.000.000. Umrætt félag mun hafa átt sér stoð í 9. gr. kaupsamnings, dags. 21. maí 1999, um kaup Baugs hf. á 70 % hlutafjár í Vöruveltunni af Helgu Gísladóttur og Fjárfari ehf., en þar segir eftirfarandi:

- Skjal málsins nr. II/50.16 og II/50.9

*Helga Gísladóttir og Baugur munu í sameiningu stofna félag með 5 millj. kr. hlutafé sem þau mun [svo] eiga að jöfnu sem hefur það að markmiði að vinna að því að stofna og starfrækja verslanir undir nafninu 10-11 erlendis. Unnið er að skráningu firmanafnsins í Evróðu [svo], Kanada og Bandaríkjunum og telst sú skráning eign hins nýja sameiginlega félags án sérstaks endurgjalds af hálfu Baugs, en ógreiddur kostnaður vegna skráningarinnar greiðir nýja félagið.*

Helga er beðin að gera grein fyrir þessum samningi; hver hafi verið tilurð hans, tilgangur og hvort hann hafi komið til efnda.

Helga segir að hún geti enga grein gert fyrir þessum samningi og viti ekki um hvað hann hafi snúist. Helga segir að Veltan ehf. sé félag sem enn sé til og líklega í eigu þeirra hjóna og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Helga segir að Eiríkur hafi alfarið séð um þetta mál og enn fremur séð um öll samskipti við Jón Ásgeir Jóhannesson.

Aðspurð segir Helga að hún viti ekki hvort þessi samningur hafi verið efndur eður ei.

**Litla fasteignafélagið ehf. – kaup og sala á fasteignum****Kaup fasteigna til Litla fasteignafélagsins ehf.**

Helgu er sýnt afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107376 vegna fasteignarinnar að **Langarima 21-23**, dags. 25. febrúar 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 106670 vegna fasteignarinnar að **Laugalæk 2**, dags. 25. febrúar 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107044 vegna fasteignarinnar að **Sporhömrum 3**, dags. 25. febrúar 1999 og afrit af fyrningarskýrslu 1998 fyrir Litla fasteignafélagið ehf. – úr skattframtali 1998. Allir gerningarnir eru undirritaðir af Grétari Haraldssyni og Sólveigu Theodórsdóttur f. h. Litla fasteignafélagsins; af Helgu Gísladóttur og Eiríki Sigurðssyni f. h. Tíu ellefu hf. og Eiríki Sigurðssyni og Birni Árnasyni f. h. Vöruveltunnar hf.

- Skjöl málsins nr. II/50.17.4 til II/50.17.7

Samkvæmt téðum gögnum hefur Litla fasteignafélagið ehf. keypt fasteignir frá Vöruveltunni hf. fyrir samtals kr. 217.100.000 ásamt yfirfærslu réttinda skv. fjármögnunarleigusamningum seljanda við Lýsingu hf., en umræddar fasteignir voru Suðurlandsbraut 48, Laugalækur 2, Sporhamrar 3, Langarimi 21-23 og Grímsbær/Efstaland 26.

Helga er spurð hvort hún hafi vitneskju um hvernig kaupverð hafi verið ákvarðað.

Helga segir að hún hafi enga vitneskju um það. Helga segir að hún hafi enga aðkomu haft að sölu Vöruveltunnar hf. á fasteignum til Litla fasteignafélagsins ehf. Helga segir að hún hafi á þessum tíma verið hætt afskiptum af Vöruveltunni hf. og líklega hafi hún því þarna verið fengin til að rita undir skjöl. Helga segir að hún muni ekki hvenær ritað hafi verið undir þessi skjöl, né heldur hvar það hafi verið gert.


Helga er spurð að lokum hvort hún vilji taka eitthvað sérstaklega fram eða koma á framfæri einhverjum ábendingum eða athugasemdum.

Helga segir svo ekki vera.


Helga hefur lesið skýrsluna yfir. Hún telur hana rétt bókaða og engu við að bæta.

Yfirheyrslu og yfirlestri skýrslu lokið mánudaginn 30. maí 2005 kl. 13.10


Yfirlesið staðfest rétt

  
Helga Gísladóttir

Skýrslu gerir

  
Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi

Viðstaddur og þátttakandi við yfirheyrslu

  
Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi